

**Mál nr. 9**  
**Keflavík**  
**gegn**  
**Prótti R.**

**Kæra Keflavíkur**

**Dómkröfur**

Knattspyrnufélag Keflavíkur **krefst** þess að úrslitum í leik félagsins við Prótt Reykjavík í 3 flokki karla, C1 riðli, sem leikinn var þann 16.ágúst síðastliðinn kl. 18.00 á einum af völlum Próttara verði breytt og að Knattspyrnufélaginu Keflavík dæmdur 3 - 0 sigur í leik liðanna.

**Málavextir**

Leikurinn var flautaður á með tveimur aðstoðardómurum sem er eðlilegt og ekkert víðað athuga og var engin athugasemd gerð samkvæmt reglugerð 38.1 í reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót Almenn ákvæði, en þegar líða fór á leikinn fór þjálfari Próttar að skipta um aðstoðardómara og setja aðstoðardómarana inná sem leikmenn og aðrir varamenn komu í staðinn og áður en yfir lauk var hann búinn að skipta tvisvar sinnum um aðstoðardómara sitt hvoru megin og láta leikmenn sem komu útaf fara í stöðu aðstoðardómara, því voru alls 6 aðstoðardómarar í leiknum sem allir voru leikmenn Próttar Reykjavík.

**Tilvísun**

Samkvæmt reglugerð KSÍ no.19.3 í reglugerðum um knattspyrnumót Almenn ákvæði, segir að heimalið beri ábyrgð fyrir aðstoðardómurum í sínum heimaleikjum, sem mega aðeins vera tveir og einn til vara ef einhver meiðist á meða leik stendur Samkvæmt reglugerð 38.1 og 38.2 í reglugerðum um knattspyrnumót Almenn ákvæði segir:

Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvirkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot.

- 38.2. Félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti á ákvæðum reglugerðar þessarar, hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar. Kæra skal lögð fram á skrifstofu KSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á um í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Um málatilbúning fer samkvæmt fyrrnefndri reglugerð.

Við teljum að þjálfari Próttar hafi átt að tala við bæði dómara og þjálfara Keflavíkur til að fá leyfi fyrir öllum þessum aðstoðardómurum samkvæmt reglugerð 38.1

**Röksemdir**

Kærendur telja að þegar aðstoðardómarar séu leikmenn heimaliðs sem er verið að spila við geti engan veginn verið hlutlausir þegar kemur í þeirra hlut að dæma á leikbrot eða innvarp á sitt eigið lið eins og t.d rangstöðu og fl.

Við teljum að með því að senda inn kæru á hendur Prótti Reykjavík og að KSÍ úrskurði leikinn tapaðan 0-3 fyrir kærða séum við að sporna við að þetta geti endurtekið sig í leikjum sem er niðurlægning fyrir íslenskan fótbolta.

### **Sönnunargögn**

Okkar máli til sönnunar setjum við tvö vitni hér í 5 lið sem horfðu á leikinn sem má hafa samband við og getum við útvegað fleiri vitni ef þörf krefur. Einnig horfðu bæði þjálfari og liðsstjóri á leikinn frá Keflavík.

### **Vitni**

Nafn: Sigrún Ragnarsdóttir

Kennitala: 070364-2399

Heimilisfang: \_\_\_\_Skagabraut 44a 250 Garði  
Sími:4227198 vsími 4227100

Nafn: Ottó Þórmarr

Kennitala:210458-8089

Heimilisfang: \_Holtsgötu 32 245 Sandgerði  
GSM: 863-7781

### **Greinargerð kærða**

Þróttur heldur uppi vörnum í málinu og leggur til að úrslit leiksins standi samkvæmt leikskýrslu.

#### **Rökstuðningur:**

Þjálfara Keflavíkur var það fullkomlega ljóst þegar leikurinn hófst að aðstoðardómarar voru úr leikmannahópi Þróttar. Þjálfarar liðanna ræddu saman fyrir leik og engar athugasemdir voru gerðar með fyrirkomulag leiksins við þjálfara Þróttar né dómara leiksins. Báðir höfðu þó verið í samband fyrir leik vegna seinkunnar Keflavíkur sem er þó málinu óviðkomandi. Þegar breytingar voru gerðar á aðstoðarmönnum var það gert fyrir framan þjálfar aog varamannabekk Keflavíkur, öllum var þar ljóst hvernig málum var háttað enda aðstoðardómarar í upphitunargalla Þróttar. Engar athugasemdir voru gerðar á meðan á leik stóð. Hefðu athugasemdir verið gerðar á meðan á leik stóð eða fyrir leik hefði verið möguleiki á að gera breytingar um framkvæmd leiksins..

Það fyrirkomulag að aðstoðardómarar komi úr leikmannahópi heimaliðs hefur viðgengist í mörgum leikjum sem lið Þróttar hefur tekið þátt í í sumar, það á við bæði um leiki á heimavelli sem og á útivelli. Síðasta dæmið um slíkt var leikur Gróttu og Þróttar í 3.flokki þann 21.ágúst s.l , þar tapaði Þróttur 0-1 á Seltjarnarnesi og var nokkuð um skiptingar aðstoðardómara í þeim leik. Ekki hefur þjálfara Þróttar hugnast það að láta sér detta í hug að kæra famkvæmd leiksins enda væri þá meira og minna allir leikir í þessum riðli ólöglega leiknir og efni í kærumál.

Niðurlag:

Undirritaður sem var vitni að hluta leiksins telur að niðurstaða leiksins hafi ekki með nokkru móti ráðist af frammistöðu aðstoðardómara. Það fyrirkomulag að setja drengina á línuna er vel þekkt og engar athugasemdir verið gerðar að hálfu liða. Hafi Keflavík verið mótfallið fyrirkomulaginu hefði að sjálfsögðu átt að gera athugasemd fyrir leik eða hvað þá á meðan á leik stóð þegar skiptingar aðstoðardómara áttu sér stað.

Virðingarfyllst,

Ásmundur Vilhelmsson framkv.stj. knattspyrnudeildar Þróttar

Vitni.

Grétar Jónasson lögmaður og áhorfandi á leiknum  
Örnólfur Oddsson þjálfari 3.fl.Þróttar

### Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar

Ár 2007, þriðjudaginn 28.ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Helgi R. Magnússyni og Sigurður Halldórsson

#### Fyrir er tekið málið nr. 9/2007:

Knattspyrnufélag Keflavíkur  
gegn  
Knattspyrnufélaginu Þrótti, Reykjavík

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR:

I.

**Kærandi:** Knattspyrnufélag Keflavíkur  
Kennitala: 541094-3269  
Hringbraut 108, Keflavík

**Fyrirsvarsmaður kæranda:** Zoran Daníel Ljubicic

**Kærði:** Knattspyrnufélagið Þróttur Reykjavík  
Kennitala: 470678-0119  
Engjavegi 7, Reykjavík

**Dómkröfur:** Knattspyrnufélag Keflavíkur **krefst** þess að úrslitum í leik félagsins við Þrótt Reykjavík í 3 flokki karla, C1 riðli, sem leikinn var þann 16.ágúst síðastliðinn kl. 18.00 á einum af völlum Þróttara verði breytt og að Knattspyrnufélaginu Keflavík dæmdur 3 - 0 sigur í leik liðanna.

### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum í stórum dráttum á eftirfarandi hátt: "Leikurinn var flautaður á með tveimur aðstoðardómurum sem er eðlilegt og ekkert við að athuga og var engin athugasemd gerð samkvæmt reglugerð 38.1 í reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót Almenn ákvæði, en þegar líða fór á leikinn fór þjálfari Þróttar að skipta um aðstoðardómara og setja aðstoðardómarana inná sem leikmenn og áðrir varamenn komu í staðinn og áður en yfir lauk var hann búinn að skipta tvisvar sinnum um aðstoðardómara sitt hvoru megin og láta leikmenn sem komu útaf fara í stöðu aðstoðardómara, því voru alls 6 aðstoðardómarar í leiknum sem allir voru leikmenn Þróttar Reykjavík.

Kærendur telja að þegar aðstoðardómarar séu leikmenn heimaliðs sem er verið að spila við geti engan vegin verið hlutlausir þegar kemur í þeirra hlut að dæma á leikbrot eða innvarp á sitt eigið lið eins og t.d rangstöðu og fl.

Við teljum að með því að senda inn kærú á hendur Þrótti Reykjavík og að KSÍ úrskurði leikinn tapaðann 0-3 fyrir kærða séum við að sporna við að þetta geti endurtekið sig í leikjum sem er niðurlæging fyrir íslenskan fótbolta."

Varðandi lagarök tekur kærði fram eftirfarandi:

"Samkvæmt reglugerð KSÍ no19.3 í reglugerðum um knattspyrnumót Almenn ákvæði segir að heimalið beri ábyrgð fyrir aðstoðardómurum í sínum heimaleikjum, sem mega aðeins vera tveir og einn til vara ef einhver meiðist á meða leik stendur Samkvæmt grein 38.1 í reglugerð um knattspyrnumót Almenn ákvæði segir: Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvirkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirlíða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsprot. Grein 38.2. hljóðar svo: Félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti á ákvæðum reglugerðar þessarar, hefur rétt til að leggja fram kærú til aga- og úrskurðarnefndar. Kæra skal lögð fram á skrifstofu KSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á um í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Um málátilbúning fer samkvæmt fyrirnefndri reglugerð."

Kærandi telur að þjálfari Þróttar hafi átt að tala við bæði dómara og þjálfara Keflavíkur til að fá leyfi fyrir öllum þessum aðstoðardómurum samkvæmt reglugerð 38.1

Til frekari sönnunar máli sínu benda kærðu á tvö vitni sem geti gefið skýrslu um málsatvik.

### **III.**

#### **Málsatvik og varnir**

Kærði krefst þess að úrslit umrædds leiks standi samkvæmt leikskýrslu.

Kröfur sínar rökstyður kærði með eftirfarandi hætti:

"Þjálfara Keflavíkur var það fullkomlega ljóst þegar leikurinn hófst að aðstoðardómarar voru úr leikmannahópi Þróttar. Þjálfarar liðanna ræddu saman fyrir leik og engar athugasemdir voru gerðar með fyrirkomulag leiksins við þjálfara Þróttar

né dómara leiksins. Báðir höfðu þó verið í sambandi fyrir leik vegna seinkunnar Keflavíkur sem er þó málinu óviðkomandi. Þegar breytingar voru gerðar á aðstoðarmönnum var það gert fyrir framan þjálfara og varamannabekk Keflavíkur, öllum var þar ljóst hvernig málum var háttað enda aðstoðardómarar í upphitunargalla Þróttar. Engar athugasemdir voru gerðar á meðan á leik stóð. Hefðu athugasemdir verið gerðar á meðan á leik stóð eða fyrir leik hefði verið möguleiki á að gera breytingar um framkvæmd leiksins..

Það fyrirkomulag að aðstoðardómarar komi úr leikmannahópi heimaliðs hefur viðgengist í mörgum leikjum sem lið Þróttar hefur tekið þátt í í sumar, það á við bæði um leiki á heimavelli sem og á útivelli. Síðasta dæmið um slíkt var leikur Gróttu og Þróttar í 3.flokki þann 21.ágúst s.l , þar tapaði Þróttur 0-1 á Seltjarnarnesi og var nokkuð um skiptingar aðstoðardómara í þeim leik. Ekki hefur þjálfara Þróttar hugnast það að láta sér detta í hug að kæra framkvæmd leiksins enda væri þá meira og minna allir leikir í þessum riðli ólöglega leiknir og efni í kærumál.

Hafi Keflavík verið mótfallið fyrirkomulaginu hefði að sjálfsögðu átt að gera athugasemd fyrir leik eða hvað þá á meðan á leik stóð þegar skiptingar aðstoðardómara áttu sér stað."

Til frekari sönnunar bendir kærði á tvö vitni sem geta gert grein fyrir málsatvikum

#### IV.

##### **Niðurstaða:**

Mál þetta snýst um það hvort kærði hefði mátt nota tiltekinn fjölda leikmanna í 3. flokki drengja hjá félaginu sem skipst hefðu á að annast aðstoðardómarastörf í leik þar sem þeir voru sjálfir leikmenn og kepptu við Keflavík. Í tilvitnuðum lagaákvæðum kæranda í kæru er ekki að finna nein efnisákvæði sem kveða á um úrlausn mála af þessum toga sem hér er til umfjöllunar.

Kærandi gerir þær dómkröfur að leikurinn verði dæmdur kærða tapaður með markatölunni 0-3. Ekki verður fallist á þá dómkröfu með hliðsjón af orðalagi greinar 19.5.í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem viðurlög við því að aðstoðardómari með tilskilin réttindi mæti til leiks eru að nýr leikur er ákveðinn á heimavelli aðkomuliðs. Til skoðunar gæti hafa komið hvort tilvik það sem fjallað er um í máli þessu gæti verið sambærilegt þeim tilvikum sem tilgreind eru í framngreindu ákvæði.

Hafa ber auk þess í huga að samkvæmt ákvæði 19.3.í reglugerð KSÍ um Knattspyrnumót er ekki skylda, einungis heimild, að vera með aðstoðardómara á leikjum 3. flokks drengja, og engar athugasemdir hafa verið gerðar um dómarréttindi umræddra leikmanna.

Með hliðsjón af framansögðu og þar sem einungis ein dómkrafa er til umfjöllunar í málinu ber að sýkna hið kærða félag af kröfu kæranda í málinu.

#### VI.

##### **Úrskurðarorð:**

Hið kærða félag, Knattspyrnufélagið Þróttur er sýkn af öllum kröfum kæranda, Knattspyrnufélags Keflavíkur, í máli þessu.

Gunnar Guðmundsson

Sigurður Halldórsson

Helgi R. Magnússon

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.